



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

VÍKINGUR OG DANÍEL

7. & 8. NÓVEMBER
2019

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir á fimmtudag eru í beinni útsendingu á Rás 1 og aðgengilegir á ruv.is. Föstudagstónleikarnir eru í beinu streymi á vef hljómsveitarinnar, sinfonia.is.

Áætluð tímalengd:

Pétur Gautur: 20'

Processions: 28'

Hornkonsert: 16'

Sinfónía: 32'

Hlé verður gert í u.þ.b. 20 mínútur.



@icelandsymphony / #sinfó



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Aðalstyrktaraðili

GAMMA



Reykjavíkurborg

Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

FM 07 NOV FOS 08 NOV 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

VÍKINGUR OG DANÍEL

Á LEIÐ TIL ÞÝSKALANDS OG AUSTURRÍKIS

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Daníel Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Víkingur Heiðar Ólafsson
einleikari

Radovan Vlatković
einleikari

EFNISSKRÁ

Edvard Grieg

Pétur Gautur, þættir úr leikhústónlist, op. 23 (1875)

Morgunstemning

Brúðarránið

Heimkoma Péturs

Söngur Sólveigar

Í höll Dofrakonungs

Daníel Bjarnason

Processions, píanókonsert nr. 2 (2008)

In medias res

Spindrift

Red-handed

Hlé

Wolfgang Amadeus Mozart

Hornkonsert nr. 3 í Es-dúr, K. 447 (1787)

Allegro

Romanza (Larghetto)

Allegro

Jean Sibelius

Sinfónía nr. 5 í Es-dúr, op. 82 (1915/1919)

Tempo molto moderato – Allegro moderato

Andante mosso, quasi allegretto

Allegro molto – Largamente assai

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra's website:

en.sinfonia.is

Á LEIÐ Í TÓNLEIKAFERÐ



Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur í tónleikaferð til Þýskalands og Austurríkis í næstu viku undir stjórn Daniels Bjarnasonar sem tók við stöðu aðalgeststjórnanda Sinfóníuhljómsveitarinnar í byrjun starfsársins. Tónleikasalirnir eru með þeim fremstu í viðkomandi löndum: Großes Festspielhaus í Salzburg, Konzerthaus í Berlín og Herkulessaal í München. Einleikarar verða Víkingur Heiðar Ólafsson, sem er staðarlistamaður í Konzerthaus, og króatíski hornleikarinn Radovan Vlatković sem er tvímælalaust fremsti hornleikari samtímans.

Dagskrá tónleikaferðarinnar

- 12. nóvember – Herkulessaal í München
- 13. nóvember – Großes Festspielhaus í Salzburg
- 14. nóvember – Großes Festspielhaus í Salzburg
- 15. nóvember – Großes Festspielhaus í Salzburg
- 17. nóvember – Konzerthaus í Berlín

Tvö íslensk tónverk verða í lykilhlutverki í tónleikaferðinni, það eru *Aeriality* eftir Önnu Þorvaldsdóttur, staðartónskáld Sinfóníuhljómsveitar Íslands og píanókonsertinn *Processions* eftir Daniel Bjarnason. Einnig leikur hljómsveitin valda þætti úr *Péttri Gauti* eftir Grieg auk fimmtu sinfóníu Sibeliusar og fjórðu sinfóníu Tsjajkovskíjs. Á tvennum tónleikum í Salzburg flytur hljómsveitin hornkonsert nr. 3 eftir Mozart með króatíska hornsnillingnum Radovan Vlatković.

Nánar um tónleikaferðina á www.sinfonia.is/tonleikaferdir

Fylgstu með tónleikaferðinni á samfélagsmiðlum undir myllumerkinu #IcelandSymphonyOnTour



DANÍEL BJARNASON

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Daníel Bjarnason stundaði nám við Tónlistarskóla FÍH og Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan prófi árið 2003. Hann stundaði framhaldsnám í hljómveitarstjórn við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi frá 2004–2007 og lauk þaðan prófi með hæstu einkunn.

Daníel hefur unnið með og fengið verk sín flutt af fjölda hljóm sveita og má þar nefna Sinfóníuhljóm sveit Íslands, Fílharmóníusveitirnar í Los Angeles og New York, Sinfóníuhljóm sveitirnar í Toronto, Winnipeg, Melbourne og Adelaide, Sinfóníuhljóm sveit BBC í Skotlandi, Residentie-hljóm sveitina, Ulster-hljóm sveitina, Britten-sinfóníuna og Sinfóníettuna í Kraká. Hann hefur gefið út þrjá hljómdiska hjá plötufyrirtækinu Bedroom Community, *Processions* (2010), *Solaris* (2012) og *Over Light Earth* (2013).

Meðal helstu verka Daníels eru óperan *Brothers* sem sýnd var á Íslandi á Listahátíð í Reykjavík við mikla hrifningu, og fiðlukonsert sem var pantaður af Fílharmóníusveit Los Angeles og Sinfóníuhljóm sveit Íslands, og frumfluttur af Pekka Kuusisto og fyrrnefndu sveitinni undir stjórn Gustavos Dudamel í Hollywood Bowl. Nýjasta verk Daníels er samið fyrir Fílharmóníusveit Los Angeles í tilefni af 100 ára afmæli hennar og var frumflutt á afmælistónleikum hennar í október síðastliðnum. Daníel var á árunum 2015–2018 staðarlistamaður Sinfóníuhljóm sveitar Íslands. Hann gegnir nú stöðu aðalgestastjórnanda og starfar með hljóm sveitinni að fjölda verkefna á hverju starfsári.



VÍKINGUR HEIÐAR ÓLAFSSON

EINLEIKARI

Víkingur Heiðar Ólafsson er meðal eftirsóttustu einleikara sinnar kynslóðar. Hann var nýverið útnefndur listamaður ársins á *Gramophone*-verðlaununum, auk þess sem plata hans með verkum eftir Johann Sebastian Bach hlaut aðalverðlaun *BBC Music Magazine* verðlaunanna í apríl síðastliðnum. Þá hlaut hann einnig Íslensku tónlistarverðlaunin og þýsku tónlistarverðlaunin *Opus Klassik* á þessu ári.

Á komandi tónleikaárum mun Víkingur gegna stöðu staðarlistamanns við nokkur helstu tónlistarhús heims. Sem staðarlistamaður Konzerthaus í Berlín heldur hann 14 tónleika í vetur og næsta starfsár gegnir hann sömu stöðu hjá Southbank Centre í London.

Víkingur heldur opnunartónleika Listahátíðar í Reykjavík 2020 þar sem hann mun leika einstaka efnisskrá af nýrri einleikspötu sem kemur út hjá Deutsche Grammophon á vormánuðum. Á fyrri hluta tónleikanna vefur hann saman hljómborðsverkum Claude Debussy og Jean-Philippe Rameau og flytur að lokum eitt helsta meistaraverk rússneskra tónbókmennta, *Myndir á sýningu* eftir Modest Músorgskíj, í mikilfenglegri umritun eftir Vladimir Horowitz.



RADOVAN VLATKOVIĆ

EINLEIKARI

Króatíski hornleikarinn Radovan Vlatković er einn virtasti hornleikari samtímans. Hann lærði við Tónlistarháskólann í Zagreb og síðar í Detmold í Þýskalandi, og hlaut fyrstu verðlaun í ýmsum keppnum, meðal annars ARD-keppninni árið 1983. Hann var fyrsti hornleikari Útvarpshljómsveitarinnar í Berlín á árunum 1982–1990, undir stjórn aðalstjórnendanna Riccardos Chailly og Vladimirs Ashkenazy. Síðan 1992 hefur hann verið prófessor í hornleik við Tónlistarháskólann í Stuttgart, og frá árinu 1998 prófessor við Mozarteum-tónlistarháskólann í Salzburg.

Vlatković hefur komið fram sem einleikari með fjölda virtra hljómsveita. Þar má nefna Bæversku símfóníuhljómsveitina, Símfóníuhljómsveitina í Birmingham, Academy of Saint-Martin-in-the-Fields, Camerata Academica Salzburg og Kammersveitina í München. Hann kemur reglulega fram með tónlistarmönnum András Schiff og Heinz Holliger auk þess sem hann er tíður getur á Lockenhaus-, Marlboro- og Mondsee-tónlistarhátíðunum. Hann hefur frumflutt ótal verk samtímatónskálda, m.a. eftir Elliott Carter, Krzysztof Penderecki og Sofiu Gubaidulinu. Hann hefur hljóðritað fjölda konserta auk kammertónlistar, meðal annars fyrir EMI, Decca, Philips og Deutsche Grammophon, og hefur hlotið verðlaun þýskra tónlistargagnrýnenda fyrir nokkra diska sína. Vlatković hefur einu sinni áður leikið með Símfóníuhljómsveit Íslands, hornkonsert eftir Richard Strauss í júní 2008.



EDVARD GRIEG

PÉTUR GAUTUR, VALDIR ÞÆTTIR

Þegar Henrik Ibsen samdi *Pétur Gaut* árið 1867 kallaði hann verk sitt „dramatískt ljóð“ og gerði ekki ráð fyrir því að það yrði nokkru sinni sett á svið. Sjö árum síðar snerist honum hugur. Sá fyrsti sem fékk að vita af þeim áformum skáldsins að gera leikgerð úr ljóðinu var Edvard Grieg (1843–1907), sem þá hafði fest sig í sessi sem mesta tónskáld Norðmanna. Ibsen vildi að tónlist yrði stór þáttur uppfærslunnar og þegar leikhússtjóri Kristiania Teater í Ósló tók verkið á dagskrá fór Grieg umsvifalaust að festa hugmyndir á blað. Það tók hann hálf tónn árið 1867 að semja leikhústónlistina við *Pétur Gaut* enda er hún feykilega umfangsmikil, ríflega 90 mínútur í flutningi þegar allt er talið saman. Skömmu síðar tók Grieg saman tvær hljómsveitarsvitur úr verkinu sem fóru sigurför um heiminn og hafa ásamt píanókonserternum fræga tryggt orðspor hans.

Ibsen var sjálfur hæstánægður með tónlist Griegs; honum fannst hún „gera pilluna svo sæta að almenningur gat kyngt henni“. Ekki hafa þó allir verið á sömu skoðun. Einn helsti ævisöguritari Ibsens, Michael Meyer, fann að því að tónlistin breytti dramatísku leikritinu í „sykursætt Andersen-ævintýri“. Skáldinu Thor Vilhjálmssyni þótti helst skyggja á leiksigur Gunnars Eyjólfssonar í aðalhlutverkinu árið 1963 hvað tónlist Griegs ætti illa við: „Það er svívirðileg fölsun að gera *Pétur Gaut* að rómantísku þjóðlífsmyndabrári. Verkið er reiðilestur, beisk og grimm ádeila sem á ekkert skylt við hina hugljúfu saklausu skemmtandi tónlist.“ Í réttu samhengi leikur þó varla vafi á því að tónlist Griegs setur sterkan svip á leikrit Ibsens, gefur því þjóðlegan blá og skerpir á upplifun leikhúsgesta.

Fimm þættir úr tónlistinni við *Pétur Gaut* hljóma á tónleikum kvöldsins. Hin hugljúfa *Morgunstemning* er eitt kunnasta hljómsveitarverk Griegs og þegar hlýtt er á tónlistina sjá kannski margir fyrir sér norskan fjörð í sindrandi morgunsól. Grieg hafði allt annað í huga. Kaflinn ber yfirskriftina „Morgenstemning i ørkenen“ enda er *Pétur* hér kominn til Marokkó þar sem hann vaknar í eyðimörkinni einn síns lífs. Í seinni þáttunum hljóma annars konar ævintýri. *Pétur* rænir ungru konu á brúðkaupsdegi hennar en skilur hana svo eftir í öngum sínum, og tónskáldið túlkar vel þá ógn og örvinglan sem þessu fylgir.

Á heimleið undir lok leiksins lendir *Pétur* í sjávarháka sem Grieg lýsir eftirminnilega. Söngur hinnar langmæddu Sólveigar, þar sem hún bíður þess að *Pétur* snúi aftur heim, hefur norskan þjóðlagablá. Tónlistin sem hljómar í höll Dofrakonungs, þangað sem *Pétur* er kominn til að kvænast dóttur hans, vex úr veikum fagotttónum í trylltan trölladans.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Leikfélag Reykjavíkur og Tónlistarfélagið færðu upp *Pétur Gaut* með hljómsveitartónlist Griegs árið 1944. Victor Urbancic stýrði tónlistinni og naut sýningin mikilla vinsælda. Tónlist Griegs hefur einnig oft komið við sögu á efnisskrám Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Olav Kielland stjórnaði köflum úr verkinu í Þjóðleikhúsinu árið 1954, Páll Ísólfsson í tónleikaferð um Norður- og Austurland árið 1957 og Marteinn H. Friðriksson í Vestmannaeyjum 1966. Alfred Walter stýrði þáttum úr hljómsveitarsvítum Griegs árið 1969, og hið sama gerðu Páll P. Pálsson (1975) og Justin Brown (2003). Hljómsveitin flutti stóran hluta leikhústónlistarinnar við framsögn Gunnars Eyjólfssonar haustið 2007 og þá hélt Petri Sakari um sprotann.



DANÍEL BJARNASON

PROCESSIONS

Í konsertum klassíska og rómantíska skeiðsins kalla hljómsveit og einleikari á athygli áheyrenda til skiptis. Þegar sólistinn er ekki önnur kafinn við að hrífa áheyrendur með leik sínum tekur hljómsveitin upp þráðinn og gefur honum tækifæri til að safna kröftum um stundarsakir.

Þessi lýsing á ekki við um píanókonsert Daníels Bjarnasonar (f. 1979), *Processions*, sem tónskáldið samdi sérstaklega að beiðni Víkinga Heiðars Ólafssonar sem frumflutti verkið fyrir rétt rúmum áratug. Víkingur bað tónskáldið um að fá nóg að gera og hann fékk ósk sína svo sannarlega uppfyllta: Í verkinu fær einleikarinn í mesta lagi fáeina takta hér og þar til að kasta mæð-inni. Þótt tónmál Daníels sé nútímalegt er rithátturinn fyrir píanó innblásinn af tónlist eldri tíma. Chopin og Rakhmanínov koma upp í hugann, sá siðarnefndi bæði í hnausþykkum hljómunum sem og klíðmjúkum köflum sem stundum hljóma inn á milli.

Fyrsti þáttur (*In medias res* eða Í miðjum klíðum) er til skiptis kröftugur og ljóðrænn. Sama má segja um miðkaflann (*Spindrift* eða *Sjódrif*) sem hefst og lýkur með einlægum kóral eða sálmalagi, ekki ósvipað því sem finna má í þriðja píanókonserti Bartóks. Þriðji kaflinn byggir á slagverkshryn sem magnast upp, breiðist um hljómsveitina og rennur saman við stöðugt kraftmeiri tónarunur einleikarans. Þær kröfur sem hér eru gerðar til Víkinga réttlæta fyllilega ensku yfirskriftina *Red-handed*, sem almennt mætti þýða á íslensku með orðinu „glóðvolgur“ (sbr. að vera gripinn glóðvolgur) en hefur hér bókstaflegri merkingu. Engan þarf að undra þótt hendur einleikarans roðni af þess konar spilamennsku sem hér er krafist.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Processions hljómaði í fyrsta sinn á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Myrkum músíkdögum í Háskólabíói árið 2009 og hljóðritun verksins kom út á geisladiski í byrjun árs 2010. Verkið hljómaði svo aftur á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar á Iceland Airwaves í Hörpu haustið 2011. Síðan hefur það ekki heyrst á tónleikum á Íslandi, en þeir félagar hafa verið iðnir við að flytja það í konsertsólum víða um heim.



WOLFGANG AMADEUS MOZART

HORNKONSERT NR. 3

Wolfgang Amadeus Mozart (1756–1791) samdi tugi einleikskonserta fyrir hin ýmsu hljóðfæri: fiðlu, píanó, horn, flautu, óbó, fagott. Þeirra á meðal eru fjórir hornkonsertar sem Mozart samdi fyrir vin sinn Joseph Leutgeb, sem lék í hirðhljómsveitinni í Salzburg á æskuárum tónskáldsins. Leutgeb var einn færasti hornsnillingur sinnar tíðar en virðist líka hafa haft kímniáfu sem Mozart féll vel í geð, því að í nóturnar ritaði tónskáldið ýmsa brandara og skoplegar orðsendingar sem áttu að kalla fram bros á vini hans við spilamennskuna.

Það hefur ávallt verið vandasamt að leika á franskt horn, en þó var það öllu áhættusamara áður en svokallaðir ventlar komu til sögunnar um 1820. Áður var það úrval tóna sem hljóðfærið bauð upp á allmiklu þrengra og takmarkaðist af því sem kallað er yfirtónaröðin. Þrátt fyrir þessar takmarkanir sýnir Mozart sínar bestu hliðar í konsertum sínum fyrir hljóðfærið. Konsertinn nr. 3 í Es-dúr er léttur og leikandi, með ljóðræna rómönsu um miðbikið. Verkinu lýkur með hressilegum þætti sem minnir á annað hlutverk hornleikara fyrr á öldum, að spila á veiðihorn úti í guðsgrænni náttúrunni.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Danski hornsnillingurinn Wilhelm Lanzky-Otto varð líklega fyrstur til að leika hornkonsert nr. 3 eftir Mozart á Íslandi, í Gamla bíói í febrúar 1946, þó aðeins með píanóleik sem Victor Urbancic innti af hendi. Sonur Wilhelms, Ib Lanzky-Otto, lék konsertinn með Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Róberts A. Ottóssonar árið 1970. Emil Friðfinnsson flutti verkið árið 1987 og Hermann Baumann árið 1991, en Þorkell Jónsson lék það með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna árið 1995. Í upphafi þessa starfsárs lék Stefán Jón Bernharðsson konsertinn með Sí á Ísafirði og í Reykjanesbæ.



JEAN SIBELIUS

SINFÓNÍA NR. 5

Finnnska tónskáldið Jean Sibelius (1865–1957) var eitt mesta sinfóníuskáld heims á fyrstu áratugum síðustu aldar. Hann samdi sjö sinfóníur á 25 árum (frá 1899 til 1924), og vann um skeið að þeirri áttundu þótt ekkert hafi varðveist af henni. Fimmta sinfónía Sibeliusar er meðal vinsælustu tónsmíða hans. Hugmyndin að verkinu kveiknaði að lokinni tónleikaferð um Bandaríkin í júní 1914, en um þetta leyti var Sibelius farinn að endurskoða stöðu sína sem framsækið samtímatónskáld. Þegar hann dvaldist í Berlín snemma árs 1914 heyrði hann nýjustu verk Arnolds Schönbergs á tónleikum, og sannfærðist þá um að hann ætti ekki lengur samleið með þeim nýja móðernisma sem sagði skilið við tóntegundir og hið aldagamla dúr/moll-kerfi.

Vera má að endurskoðun Sibeliusar á eigin tónsmíðastefnu hafi átt sinn þátt í því að smíði sinfóníunnar gekk hægt. Það sem kveikti í ímyndunarafli hans var ekki síst upplifun sem hann varð fyrir í apríl 1915 og lýsti svo í dagbók sinni: „Skömmu fyrir klukkan ellefu sá ég sextán svani á flugi. Ein stórfenglegasta upplifun ævi minnar. Drottinn minn, hvílik fegurð: þeir hringsóluðu yfir mér um langa hríð. Hurfu síðan burt í sólskininu eins og glitrandi silfurborði. Leynardómur náttúrunnar og depurð lífsins! Lokastef fimmtu sinfóníunnar!“ Frá og með þessum degi hefur eitt eftirminnilegasta stef sinfóníunnar – hornstefið mikilfenglega sem tekur smám saman völdin í lokabættinum – ævinlega verið tengt svanafluginu sem Sibelius sá þennan dag.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur ellefu sinnum áður flutt fimmtu sinfóníu Sibeliusar á tónleikum. Stjórnendur voru þeir Páll P. Páls-son (1969 og 1986), Uri Segal (1970), Karsten Andersen (1972), Hafliði Hallgrímsson (1987), Petri Sakari (1997 og aftur 2008), Rumon Gamba (2003), Ilan Volkov (2014) og Daníel Bjarnason (á Ísafirði og í Reykjanesbæ 2019). Hljóðritun hljómsveitarinnar kom út hjá Naxos-forlaginu árið 2000 og þar er Petri Sakari við stjórnvölinn.

Sinfónían er í þremur þáttum. Tónlistin er ýmist ljóðræn eða dramatísk, en eitt helsta einkenni hennar er hversu fyrirhafnarlaust Sibelius sveigir úr einni gerð tónlistar í aðra. Í fyrsta þætti hljóma hendingar í tréblásurum sem virðast jafnvel endurminning um fuglasöng, en stundum breytir tónlistin um svip, verður léttur og fjáðrandi dans, eða að málmblásarar og pákur bætast við og þar með er komin áhöfn í stórfenglega hápunkta. Annar þáttur hefst á eins konar sálmalagi en síðan hljóma nokkur tilbrigði þar sem Sibelius breytir stefinu á ýmsa vegu. Hér er einmitt áhugavert að heyra hvernig unnt er að útfæra sömu tónhugmynd með ólíkum hætti.

Í upphafi lokabáttarins flögur strengjatónar um víðan völl. Þeir staðnæmast ekki fyrr en hornin leika kraftmikla hendingu sem ýmsir vilja meina að eigi að tákna svani á flugi. Þetta er hápunkturinn sem Sibelius hefur stefnt að í verki sínu, með völdugum tónum blásara og þykkum strengjahljómi. Lokataktarnir, sex þrumusterk högg sem leikin eru af allri hljómsveitinni, eru eins afgerandi og hugsast getur.

Árni Heimir Ingólfsson

Á DÖFINNI

FIM **28** NOV 19:30



DIMITRI ÞÓR OG SIBELIUS

„Ég hef sjaldan heyrt eins vel spilað á klarínettu,“ sagði gagnrýnandi Morgunblaðsins um tónleika Dimitris Ashkenazy á Íslandi fyrir rúmum áratug. Nú snýr hann aftur til Íslands og leikur sjaldheyrðan konsert eftir franska tónskáldið Jean Françaix. Joseph Bologne er í dag minnst sem fyrsta klassíska tónskáldsins af afrískum uppruna. Tónlist hans er leikandi létt, í ætt við Haydn og Mozart, og upptaktur að tónleikunum er fjörug sínfónía frá árinu 1780. Lemminkäinen-svítan er lykilverk á ferli Sibeliusar, glæsilegt hljómsveitarverk þar sem tónskáldið sækir efniviðinn í kvæðabálkinn Kalevala. Stjórnandinn, Eva Ollikainen, hefur vakið mikla athygli á undanfönum árum en hún tekur við stöðu aðalhljómsveitarstjóra Sínfóníuhljómsveitarinnar haustið 2020.

FIM **05** DES 19:30



MEISTARAR BAROKKSINS

Rússneski hljómsveitarstjórinn Maxim Emelyanychev hefur vakið mikla athygli undanfarin ár, ekki síst fyrir áhugaverða túlkun sína á tónlist barokksins. Hann lærði sitt fag í Moskvu hjá Íslandsvininum Gennadíj Rosdestvenskíj en er einnig afburða semballeikari og margverðlaunaður sem slíkur. Hann hefur um árabíl verið aðalstjórnandi ítalska barokkhópsins Il Pomo d'Oro, sem meðal annars hefur flutt barokkóperur í Versölum, Vínarborg og Lundúnum. Á efnisskránni eru perur eftir meistarar barokktónlistar frá 17. og 18. öld; Jean-Baptiste Lully, Jean-Philippe Rameau, Georg Philipp Telemann og Johann Sebastian Bach.

FIM **14** DES **SUN** **15** DES 14:00 & 16:00



JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

Sannkölluð hátíðarstemning ríkir á Jólatónleikum Sínfóníuhljómsveitar Íslands þar sem gömul og ný jólatónlist verður flutt af hljómsveitinni ásamt fjölda ungra listamanna. Tónleikarnir hafa notið verðskuldaðrar hylli og eru á meðal vinsælustu tónleika sveitarinnar. Á Jólatónleikum hljómsveitarinnar í ár hljómar tónlist frá ýmsum löndum sem hefur verið ómissandi í jólahaldi í gegnum tíðina. Hljómsveitarstjóri er Bjarni Frímann Bjarnason en kynnir á tónleikunum er trúðurinn Barbara, leikinn af Halldóru Geirharðsdóttur, sem tendrar ljós í hverju hjarta. Þetta eru tónleikar sem ekkert jólabarn má láta fram hjá sér fara. Tónleikarnir eru túlkaðir á táknmáli.

Á DÖFINNI

FIM 09 JAN 19:30 FOS 10 JAN 19:30
LAV 11 JAN 16:00 & 19:30

VÍNARTÓNLEIKAR 2020



Í upphafi nýs árs er tilvalið að skála í kampavíni og hlýða á glaðværa Vínartónlist í ætt við þá sem hljómar á árlegum tónleikum Vínarfílharmóníunnar á nýársdag. Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa notið mikilla vinsælda um árabil. Þeir hefjast ávallt á forleik Johanns Strauss að Leðurblökunni og þeim lýkur á Dónarvalsinum fræga. Inn á milli hljóma vinsælar óperettuaríur og dúettar sem koma öllum í gott skap.

Einnig verður leikin leiftrandi og skemmtileg tónlist eftir tvær konur sem stóðu frammarlega meðal tónskálda á síðari hluta 19. aldar en voru svo flestum gleymdar þar til nýlega: Mélanie Bonis og Amy Beach. Dansarar stíga einnig á svið og ljá tónleikunum einstakan hátíðarblæ.



Einsöngvarar á Vínartónleikunum eru Jóna G. Kolbrúnardóttir sem stundaði söngnám við Söngskólann í Reykjavík og í Vínarborg og hlaut mikið lof fyrir frammistöðu sína í ævintýra-óperunni Hans og Grétu hjá Íslensku óperunni og Garðar Thor Cortes sem hefur vakið mikla hrifningu fyrir söng sinn bæði hér heima og erlendis.

Bjarni Frímann Bjarnason hefur vakið verðskuldaða eftirtekt fyrir framúrskarandi tónlistarhæfileika og stjórnar nú í fyrsta sinn Vínartónleikum Sinfóníunnar.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

7. & 8. NÓVEMBER 2019

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Nicola Lalli
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Bryndís Pálsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Andrzej Kleina
Laufey Jensdóttir
Laura Liu
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Ólga Björk Ólafsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. FIÐLA

Páll Palomares
Benedikte Damgaard
Margrét Þorsteinsdóttir
Roland Hartwell
Ólöf Þorvarðsdóttir
Greta Guðnadóttir
Þórdís Stross
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Christian Diethard
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Kristján Matthíasson
Júlíana Elín Kjartansdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Gregory Aronovich
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Lucja Koczot
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Kathryn Harrison
Sarah Buckley
Guðrún Þórarinsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Guðný Jónasdóttir
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir

BASSI

Xun Yang
Hávarður Tryggvason
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Páll Hannesson
Jacek Karwan

FLAUTA

Alena Walentin
Magnea Árnadóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason
Eugénie Ricard

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjørn Bruun
Emil Friðfinnsson

Frank Hammarin
Joseph Ognibene

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson
Ásgeir Steingrímsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PÁKUR

Soraya Nayyar

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *aðalgestastjórnandi*
Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*
Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri frá hausti 2020*

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Hrafnhildur L. Steinarsdóttir *fjármálafulltrúi*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Júlía Aradóttir *fulltrúi*

ÁH

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

TÓNLIST LÍÐINNA ALDA

ÍSLENSK HANDRIT
1100–1800

Íslensk tónlist fyrr á öldum var blómleg og fjölbreytt. Á miðöldum voru jafnan til í landinu á annað þúsund handskrifaðar söngbækur sem notaðar voru við kirkjur og klaustur landsins. Með tilkomu nýs síðar, pappirs og safnaðarsöngs var fjöldi bóka ritaður þar sem safnað var saman lögum til að eiga og geyma eða syngja á heimilum. Þrátt fyrir að mikið af þessum handritaarfi hafi tapast er það sem þó hefur varðveist fjölbreytt og efnismikið. Handritin bera vitni um alþjóðlegt og þróttmikið tónlistarlíf. Hér er þeim lokið upp og við blasir nýr kafli í íslenskri menningarsögu.

HLJÓÐRITANIR
Á EFNI ÚR BOKUNNI
ERU AÐGANGILEGAR
Á SPÖTUFY.
LETTARORÐ: TÓNLIST
LÍÐINNA ALDA

K
TIVAL

REYKJAVÍK
ARTS FEST

R HEIÐAR VÍKINGUR
NÍ 6. & 7. JÚNÍ

OPNUNARTÓNLEIKAR
LISTAHÁTIÐAR 2020

Hinn einstaki píanóleikari Víkingur Heiðar Ólafsson opnar Listahátíð 2020 í Eldborg Hörpu 6. og 7. júní.

Á fyrri hluta tónleikanna vefur Víkingur á einstakan hátt saman hljómborðsverkum Claude Debussy og Jean-Philippe Rameau, tveggja rísa franskrar tónlistar. Að loknu hléi flytur hann eitt helsta meistaraverk rússneskra tónbókmennta, Myndir á sýningu eftir Modest Mussorgsky, í stórglæsilegri umritun Vladimir Horowitz.

Miðasala er hafin.

Ð Í
K LISTAHÁTIÐ
REYKJAVÍK

